

## Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2016, þriðjudaginn 13. desember var haldinn 134. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Menningarhúsi Borgarbókasafns í Spöng og hófst fundurinn kl. 17:02. Viðstödd voru Sigurður Hólm Gunnarsson formaður, Guðbrandur Guðmundsson og Elísabet Gísladóttir. Einnig sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóhannes Óli Garðarson, áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs, Margrét Richter, deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um framtíðarskipulag í Gufunesi.
  - Kl. 17:08 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum
  - Kl. 17:16 tekur Gísli Rafn Guðmundsson sæti á fundinum

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun: ´

Hverfisráð Grafarvogs hefur skoðað þær tillögur sem eru til kynningar í Menningarhúsinu í Spönginni varðandi framtíðarskipulag Gufunessvæðisins. Hverfisráðið harmar að ekki verið boðið til verðlaunaafhendingar þar sem tillögur voru kynntar og óskar eftir formlegri kynningu á þeim.

2. Fram fara umræður um grjótnám í Geldinganesi.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Geldingarnesið væri best að byggja upp sem hverfahluta við Grafarvoginn enda nesið á við hálfan Grafarvoginn að stærð. Nú þegar þörf er á fleiri íbúðum og húsnæðum fyrir uppalda Grafarvogsbúa, s.s. minni og stærri rað- og parhús fyrir fjölskyldur sem hafa hafið sína fyrstu fjölskylduuppbyggingu í fjölbýlishúsum hverfisins og eru nú komin í þá fjölskyldustærð að stærri húsnæði þurfi til. Grjótnám úr miðju mögulegu framtíðar íbúðahverfi er ekki endilega það besta fyrir framtíð Geldingannessins.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs óskar eftir upplýsingum frá Umhverfis- og skipulagssviði um framtíðaráform um Geldinganes, grjótnám og hugsanlega íbúabyggð.

3. Fram fer umræða um tóm atvinnuhúsnæði í Grafarvogi.
4. Lögð fram styrkumsókn frá frístundamiðstöðinni Gufunesbæ vegna þrettándagleði Grafarvogsbúa dags. 7. desember 2016  
Samþykkt að veita styrk að fjárhæð kr. 50.000.-

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs hefur móttakið umsókn um styrk vegna flugeldasýningar á þrettándagleði í hverfinu. Hverfisráð telur að slíka styrki eigi að sækja til fyrirtækja og einkaaðila í hverfinu og vonast til þess betur gangi að fjármagna flugeldasýninguna með þeim hætti í framtíðinni. En í

ljósi stöðunnar í þetta sinn samþykkir hverfisráð 50.000 kr. styrk til nota í flugeldasýningu án þess að skapa fordæmi.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Hverfisráð Grafarvogs leitar til umhverfis- og skipulagssviðs að taka út þegar í stað og bæta lýsingu eins og þörf er, á gönguleiðum barna við Rimaskóla og bílastæðum/bílastæðisplani við skólann þar sem leiðir barna og umferðar renna saman. Virðist lýsing hjá göngubrautum við skólann lítil sem engin og lýsing á bílastæðisplani vera mjög takmörkuð með fölri gulri lýsingu. Í síðasta mánuði var alvarlegt umferðarslys beint fyrir framan skólann er keyrt var yfir barn sem var að færa sig milli gangstétta og gekk yfir illa lýst bílastæðisplanið í svarta myrkri.

Samþykkt.

6. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Óskað er eftir upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði, hvað tefur það að koma eftirfarandi sem samþykkt var af hverfisráði Grafarvogs 11. október 2016 til framkvæmda: „Hverfisráð Grafarvogs óskar eftir því við Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar að skipt verði um nafn á götu í hverfinu, þ.e. „Hallsvegur“ verði framvegis nefndur „Fjölnisbraut“. Vegur þessi tengir saman stóran hluta Grafarvogs við helstu íþrótta- og frístundamannvirki hverfisins. Meðal annars liggur vegur þessi meðfram keppnisíþróttavelli og sundlaug við Dalhús og leggur leið að hinni Glæsilegu Egilshöll og einnig að frístundasvæðinu við Gufunes. Það er því kjörið að vegur þessi hafi tengingu við stolt Grafarvogs, þ.e. Ungmennafélagið Fjölni.

Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs.

**Fundi slitið kl. 18:13**

Sigurður Hólm Gunnarsson

Guðbrandur Guðmundsson  
Elísabet Gísladóttir

Herdís Anna Þorvaldsdóttir  
Gísli Rafn Guðmundsson